

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 7. apríl 1993 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Í A-lið 4. gr. falli brott 4. tölul. 5. tölul. sama stafliðs breytist í samræmi við það í tölulið 4.

2. gr.

Í 9. gr. falli brott 7. tölul. Töluliðir 8 til og með 21 breytist í samræmi við það í töluliði 7 til og með 20.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 10. gr:

a. Í 2. tölul. falli brott orðin „Náttúrufræðistofnun Íslands“.

b. 11. tölul. orðist svo: Minjar.

c. 12. tölul. falli brott. 13. tölul. breytist í samræmi við það í tölulið 12.

4. gr.

Í 11. gr. falli brott 8. og 10. tölul. Töluliður 9 breytist í samræmi við það í tölulið 8 og töluliður 11 í tölulið 9.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. í 1. mgr. 1. tölul. 13. gr. komi nýr málslíður er hljóði svo: Ennfremur þjóðgarða, aðra en Þingvallabjóðgarð.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytið, 7. apríl 1993.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*